

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 330/2021

frá 10. desember 2021

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1040 frá 16. apríl 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/128 að því er varðar kröfur um varnarefni í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna og smábarna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1041 frá 16. apríl 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 að því er varðar kröfur um varnarefni í ungbarnablöndum og stoðblöndum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 77a (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/128):

„- **32021 R 1040**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1040 frá 16. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 225, 25.6.2021, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 225, 25.6.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 225, 25.6.2021, bls. 4.

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 77b (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/127):

„– **32021 R 1041**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1041 frá 16. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 225, 25.6.2021, bls. 4).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/1040 og (ESB) 2021/1041, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.